



Innra mat

Sjálfsmatsskýrsla
Skólaárið 2016-2017

Sauðárkrókur, 25.september 2017

Ásdís Ýr Arnardóttir, verkefnisstjóri innra mats
Guðbjörg Ósk Valgarðsdóttir, kennari
Þorkell V. Þorsteinsson, aðstoðarskólameistari

Efnisyfirlit

Um skólann.....	3
Búseta nemenda.....	4
Samstarf við grunnskóla.....	6
Nýjungar í skólastarfinu.....	7
Matsþættir í FNV.....	9
Matsáætlun 2014-2019.....	9
Framkvæmd.....	10
Niðurstöður matsþátta.....	12
Áfangakönnun.....	12
Niðurstöður haustönn 2016.....	12
Niðurstöður vorönn 2017.....	13
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar.....	13
Nemendur og nám: Nemendakönnun (ekki til skoðunar 2016-2017).....	14
Stoðþjónusta- og önnur þjónusta.....	15
Niðurstöður: Nemendur.....	15
Niðurstöður: Foreldrar.....	16
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar.....	16
Stjórnun.....	18
Niðurstöður.....	18
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar.....	19
Starfsfólk og starfsumhverfi (ekki til skoðunar 2016-2017).....	19
Kennsla og önnur störf kennara (ekki til skoðunar 2015-2016).....	19
Umbótaáætlun.....	20
Lokaorð.....	20

Um skólann

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra var stofnaður árið 1979 og settur í fyrsta sinn 22. september sama ár, þá undir heitinu Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Fram að þeim tíma hafði verið starfræktur Iðnskóli á Sauðárkróki frá 1946 og framhaldsdeild við Gagnfræðaskólann á Sauðárkróki frá 1977. Stofnendur skólans voru sveitarfélög á Norðurlandi vestra ásamt ríkissjóði.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er á Sauðárkróki með starfsstöðvar þar, á Blönduósi, Hvammstanga og á Hólmavík. Nemendur á vorönn 2017 voru 483 en 542 á haustönn 2016.

Námsframboð skólans er fjölbreytt og eru ólíkar námsbrautir í boði við skólann. Frá hausti 2015 var boðið upp á nám samkvæmt nýrri námskrá og því er að einhverju leyti meiri breidd í brautaskiptingu. Boðið er upp á hefðbundnar bóknámsbrautir til stúdentsprófs, styttri starfsnámsbrautir, iðn- og verknám ásamt starfsbraut. Nemendafjöldi dreifist svo:

FNV: Skipting nemenda eftir brautum 2016-H					
Brautir:	Sk.st.:	Kk:	Kvk:	Fjöldi:	%:
Almennt nám	AN	4	6	10	1,8
Dreifnám	BLÖ/HÓV/HVT	17	19	36	6,6
Félagsfræðabraut - "gamla"	FÉ	6	20	26	4,8
Félagsvísindabraut - ný	FÉL	3	16	19	3,5
Fjarnám	FN	48	93	141	26,0
Fjölgreinabraut - ný	FJÖ	2	10	12	2,2
Grunnskólanemar	10.bek	40	30	70	12,9
Hagfræðibraut - ný	HAG	6	2	8	1,5
Hestabraut - ný	HES	1	8	9	1,7
Íþróttabraut - ný	ÍPT	5	2	7	1,3
Málabraut	MB	1	1	2	0,4
Náttúrufræðibraut - "gamla"	NÁ	8	7	15	2,8
Náttúrufræðibraut - ný	NÁT	8	11	19	3,5
Nýsköpunar- og tæknibraut	NÝT, NÝT-LH, NÝT-KG	6	8	14	2,6
Rafiðn	GR/RK9	17		17	3,1
Sjúkraliðabraut	SJ/SJF	0	21	21	3,9
Slátrarabraut	SLÁ	3	2	5	0,9
Starfsbraut	ST4	10	7	17	3,1
Tréiðn	GBM/HÚ8/HS8	37	6	43	7,9
Vélvirkjun / Vélstjórn	BV8/MG/VS8/VVA/VVB	37	1	38	7,0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VSS	3	1	4	0,7
Viðsk- og hagfræðibraut - "gamla"	VH	3	6	9	1,7
Samtals:		265	277	542	100,0

Tæplega fjórðungur nemenda við skólann stundar fjarnám, talsvert fleiri konur en karlar (89 konur á móti 38 körlum). Að öðru leyti eru kynjahlutföll nokkuð jöfn, um 53% konur og 47% karlar.

Meginþorri nemenda er á aldrinu 16-19 ára (49%) og 15% nemenda eru á aldrinum 20-24 ára. Athygli vekur að 23% eru eldri en 25 ára.

Á haustönn 2016 störfuðu 48 kennarar við skólann í 36,8 stöðugildum. Aðrir starfsmenn voru 17 talsins í 12,8 stöðugildum. Á vorönn 2017 störfuðu 46 kennarar við skólann í 35,8 stöðugildum og aðrir starfsmenn voru 16 talsins í 12,6 stöðugildum. Kennarar og stjórnendur við skólann hafa ýmist háskólamenntun eða iðnmeistararéttindi auk kennsluréttinda.

Skólameistari er Ingileif Oddsdóttir og aðstoðarskólameistari Þorkell V. Þorsteinsson.

Búseta nemenda

Fylgiskjal 1

FNV: Skipting nemenda eftir búsetu 1997-2016

Svæði: (Gömlu kjördæmin)	1997 haust	1998 haust	1999 haust	2000 haust	2001 haust	2002 haust	2003 haust	2004 haust	2005 haust	2006 haust	2007 haust	2008 haust	2009 haust	2010 haust	2011 haust	2012 haust	2013 haust	2014 haust	2015 haust	2016 haust	
Reykjavík	4	2	4	5	6	7	8	7	9	11	11	11	6	20	10	18	5	11	22	23	
Reykjanes	0	1	7	5	4	5	7	8	6	6	10	10	11	10	13	21	6	13	24	35	
Vesturland	4	4	2	5	5	5	3	2	5	3	5	4	8	6	9	9	10	11	17	20	
Vestfirðir	6	4	4	3	5	3	2	5	6	5	5	5	5	4	1	14	11	35	19	32	
Norðurland v.	440	427	476	417	425	382	377	391	380	432	388	429	403	346	345	424	416	403	395	354	
V-Húnavatnss.	57	26	38	25	39	35	36	34	30	46	27	39	33	23	27	48	45	39	39	36	
A-Húnavatnss.	67	57	70	62	73	49	45	50	55	53	52	49	43	37	57	78	109	80	65	65	
Skagafj. án Skr.	83	80	92	84	92	87	88	77	68	92	85	97	97	76	73	90	69	62	62	57	
Sauðárkrókur	169	211	224	204	186	175	180	210	217	230	202	219	204	190	198	225	221	192	212	186	
Siglufjörður	64	53	52	42	35	36	28	20	10	11	21	22	20	14	10	4	3	1	2	10	
Norðurland e.	5	2	4	4	4	7	4	0	5	5	7	4	7	13	19	11	14	15	25	36	
Austurland	5	3	2	1	3	3	1	1	3	5	2	2	2	4	2	4	18	17	20	26	
Suðurland	0	1	0	1	1	1	1	2	2	3	5	5	3	7	6	7	8	5	12	9	
Útlönd/óþekkt	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	7	7
Alls:	464	444	499	441	453	413	403	416	416	472	433	470	445	410	405	508	488	510	541	542	

	1997 vor	1998 vor	1999 vor	2000 vor	2001 vor	2002 vor	2003 vor	2004 vor	2005 vor	2006 vor	2007 vor	2008 vor	2009 vor	2010 vor	2011 vor	2012 vor	2013 vor	2014 vor	2015 vor	2016 vor
Alls:	444	439	464	466	411	431	413	380	411	444	469	555	542	410	381	532	514	496	589	483

Skólinn er framhaldsskóli með áfangakerfi sem þjónar nemendum fyrst og fremst af Norðurlandi vestra, tæplega 75% nemenda eru búsettir á Norðurlandi vestra og þar af eru flestir búsettir á Sauðárkróki. Reknar eru dreifnámsstöðvar á Blönduósi, á Hvammstanga og á Hólmavík og hefur nemendum fjölgað nokkuð á þessum svæðum, sér í lagi í Austur- Húnavatnssýslu og á Vestfjörðum.

Þátttaka í þróunarverkefnum

Fjölbrotaskóli Norðurlands vestra er þátttakandi í Evrópuverkefninu EASY CHARGING GREEN DRIVING ásamt fjórum öðrum skólum.

Þessir skólar koma frá: Provincale Secundaire School Bilzen PSSB í Belgíu, Stord Vidaregåande skule frá Noregi, Secondary Technical, Hotel and Nursening School SSPHZ frá Uherseke Hradiste í Tékklandi og Technische Schulen Steinfurt TSST í Þýskalandi.

Verkefnið EASY CHARGING GREEN DRIVING gengur út á að hanna og smíða hleðslustöð fyrir rafmagnsreiðhjól. Rafmagnið á að vera „GRÆNT“. Þess vegna var unnið með vindmillur og sólarsellur til þess að framleiða orkuna á hjólin.

Kosturinn við þessa útfærslu er sá að stöðin getur staðið sjálfstæð óháð utanaðkomandi rafkerfum. Svona stöðvar geta gefið ýmsa fleiri möguleika en hlaða hjólin þau gætu komið sér vel fyrir rafmagnslausu snjalltækjanotendur.

Fyrir utan að leysa þau verkefni sem upp koma við útfærslur og smíði þá standa gestgjafar hvers fundar fyrir kynningu á mannlífi, menningu og atvinnulífi landsins fyrir gestina.

Næsti sameiginlegi fundur verður í Belgíu og svo líkur verkefninu í Steinfurt í Þýskalandi.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra fékk styrk úr Sóknaráætlun landshluta SSNV til að vinna markvisst að auknum raungreinaáhuga. Markmið verkefnisins **Menntun og atvinna - efling raungreina** var að auka áhuga nemenda á raungreinum og sýna þeim dæmi um möguleika á störfum á Norðurlandi vestra. Annað markmið var að fjölga nemendum á raungreinabrautum í FNV.

Þær leiðir sem voru farnar til að ná markmiðum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir voru:

- a) Nemendur unnu að lausnum raunhæfra verkefna í samstarfi við fyrirtæki eða stofnanir.
- b) Nemendur fóru í námsferðir til fyrirtækja/stofnana sem kynntu starfsemi sína.
- c) Nemendur fengu fyrirlestra um vísindi.
- d) Kennarar unnu að gerð verkefna þar sem notuð eru dæmi úr nærumhverfi, einkum frá fyrirtækjum og stofnunum á Norðurlandi vestra. Þessi verkefni munu einnig nýtast í framtíðinni.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er Heilsuefandi framhaldsskóli. Hugmyndafræðin byggist á því að forvarnir eru víðtækar og jákvæðar með það að markmiði að stuðla að vellíðan og auknum árangri allra í skólasamfélaginu.

Skólinn er þátttakandi í Vinaverkefni Skagafjarðar sem gengur m.a. út á samfélagslega ábyrgð allra þeirra sem koma að málefnum barna og unglunga. Skólinn tekur þátt í árlegum Vinadegi sbr. lýsingu á Vinadeginum 2016: Á Vinadeginum 2016 komu saman allir bekkir grunnskólanna og skólahópar leikskólanna í Skagafirði ásamt fyrsta árs nemum FNV og starfsfólki. Dagskráin stóð frá kl. 10-13 og boðið var upp á pítsu í hádegismat sem vakti mikla lukku.

Í ár var lögð meiri áhersla á samveru árganganna en áður og voru þeir saman um morguninn. Dagskránni var slitið í íþróttahúsinu með söng, dans og gleði þar sem allir komu saman og var öllum íbúum sveitarfélagsins boðið að vera með af því tilefni.

Vinateymið, skipuleggjendur dagsins, telja að uppsetningin og fyrirkomulagið hafi komið vel út og flestir séu ánægðir með daginn. Telja má að heildarfjöldi þeirra sem tóku þátt í Vinadeginum í ár hafi verið um 650 manns.

Samstarf við grunnskóla

Talsvert samstarf er við grunnskóla á Norðurlandi vestra. Boðið var upp á kynningar í skólum og nemendum grunnskóla boðið í heimsókn í FNV. Öllum grunnskólanemum í 9. bekk á Norðurlandi vestra býðst til að taka áfangann Iðnkynning fyrir grunnskólanema (IKG). Um er að ræða helgarnám þar sem nemendur kynnast þeim iðngreinum sem kenndar eru við skólann. Allir sem ljúka IKG fá 2 einingar í vali kjósi þeir að halda áfram námi í FNV.

Auk þessa býðst þeim grunnskólanemum sem lokið hafa viðmiðum grunnskólans að sækja einingabært nám við FNV í fjarnámi. Alls voru 72 grunnskólanemar skráðir við skólann síðasta skólaár eða 13% af heildarnemendafjölda.

Nýjungar í skólastarfinu

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra leggur í skólanámskrá sinni áherslu á „að bjóða upp á fjölbreytt nám við hæfi sem flestra á sviði bóknáms, iðnnáms og starfsnáms í takt við aðstæður í samfélaginu hverju sinni“. Starfið í vetur hefur verið í samræmi við áherslur skólans. Kennarar eru auk þess ófeimnir við að leita nýrra leiða í kennslu.

Nýjar námsgreinar litu dagsins ljós í skólanum í vetur.

Kynjafræði var kennd í fyrsta skipti við skólann. Áfanginn er skylda á öllum bóknámsbrautum. Í tengslum við kennslu áfangans heimsóttu Samtökin 78 skólann og voru með hinsegin fræðslu fyrir alla nemendur skólans.

Tölvuleikir og sýndarveruleiki var nýr valáfangi sem var kenndur í samstarfi við fyrirtækið Myrkur Software. Myrkur framleiddi kennslumyndir sem voru unnar upp úr inngangsáföngum í Háskólanum í Reykjavík. Skólinn festi kaup á sýndarveruleikabúnaði sem var notaður við kennslu í áfanganum og einnig í viðburðum Opinna daga. Stefnt er að því að nýta sýndarveruleika í kennslu almennra greina, til dæmis í eðlisfræði næsta vetur.

Svo sannarlega má segja að skólastarfið hafi verið blómlegt í vetur.

Kvikmyndanemendur hafa unnið að handritsgerð eigin kvikmyndar og síðan var unnið að upptöku og klippingu hennar seinni part vetrar. Í náminu er lögð áhersla á samvinnu við starfandi framleiðslufyrirtæki í kvikmyndagerð, nýleg dæmi eru Skottafilm og Sagafilm. Nemendur voru t.d. aðstoðarmenn á tókustað þar sem verið var að taka upp heimildamynd um flóttafólk frá Sýrlandi. Þá aðstoðuðu nemendur Ásdísi Sif Þórarinsdóttur við gerð lokaverkefnis við Kvikmyndaskóla Íslands, en það var myndin Barnshlátur sem tekin var upp á Skagaströnd.

Nemendur á öðru ári nýsköpunarbrautar héldu sýningu á verkefnum sínum þann 1. maí. Sýningin nefndist „List í umhverfinu“.

Í byrjun haustannar færðu Rafiðnarsambandið og Félag íslenskra rafvirkja nemendum grunndeildar rafiðna spjaldtölvur til eignar. Um níutíu prósent námsefnis grunndeildar er núna á miðlægum grunni sem kallast Rafbók. Ýmis áhugaverð verkefni hafa verið unnin í rafiðnadeildinni í vetur. Til dæmis má nefna að nemendur settu saman róbót sem þeir stýrðu svo með síma.

Mjög góð aðsókn var að helgarnámi í húsasmíði í vetur og ríkir mikil ánægja meðal nemenda. Starfsemi deildarinnar hefur annars verið með hefðbundnu sniði og verkefni smíði á nytjagripum, svo og bygging á frístundahúsi fyrir nemendur lengra komna. Til stendur að byggja þrjú dæluhús fyrir Skagafjarðarveitur næsta vetur og einnig verður haldið áfram smíði frístundahúss K- Taks.

Edduverðlaunin voru smíðuð í hátæknimenntasetri FNV og verða smíðuð þar á næstu árum. Alls komu um 30 nemendur að verkinu á einn eða annan hátt í vetur. Ferlið var allt sett upp í gæðahandbók sem var hluti af námsefninu. Mikil vinna liggur í smíðinni og ekki má skeika einum hundraðasta úr millimetra. Þar kemur sér vel að hátæknimenntasetur skólans er vel tækjum búið. Málmiðnadeildin er aðili að Evrópuverkefni sem heitir Easy Charging -Green Driving og gengur út á að hlaða rafmagnsreiðhjól þráðlaust í hjólastandi.

Sex nemendur eru á slátrarabraut og er kennt um helgar. Fjórir nemendur sitja að jafnaði í kennslustofu bóknámshúss en tveir fá kennsluna í gegnum netið, annar í fjarfundarherbergi á Blönduósi og hinn heim til sín norður á Strandir.

Kennsla í meistaranámi iðnnáms hófst með nýju sniði um áramót. Nemendur eru 20 og sitja 4 þeirra kennslustundir með hjálp fjarfundahugbúnaðar.

Starfsbrautin hélt öðruvísi daga strax eftir páskafrí - heilsudag og verknámsdag (í trésmíðadeild FNV). Starfsbrautin á gott samstarf við aðila utan skólans. Nefna má samvinnu við Árskóla um kennslu í heimilisfræði. Þá hafa nemendur starfsbrautar stundað starfsnám við fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi vestra og hefur samstarfið tekist mjög vel. Starfsbraut hefur markvisst nýtt snjalltæki skólans við ýmis verkefni í áföngum brautarinnar.


Nám sjúkraliða hefur skipað mikilvægan sess í starfi skólans undanfarin ár, en skólinn hefur verið í samstarfi við Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólann á Ísafirði. Kennslan fer ýmist fram í fjarnámi eða í staðlotum. Þá má geta þess að nemendur í sjúkraliðanámi eru í starfsnámi sem fer fram í heilbrigðisstofnunum um land allt. Nemendur í sjúkraliðanámi í FNV voru 21 í vetur en ef við teljum nemendur VA og MÍ með þá er fjöldinn um 40 sem þessir skólar voru að sinna sameiginlega.

Dreifnámið hélt áfram í vetur en það fer fram þannig að kennari kennir í stofu í bóknámshúsi skólans. Auk nemenda í stofu bóknámshúss sitja nemendur í kennslustofum á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík. Námið hefur tekist vel og er orðið að fyrirmynd annarra.

Á vorönn var handsalað samkomulag milli FNV og UMF Tindastóls þar sem ákveðið var að stofna Íþróttakademíu í knattspyrnu við skólann. Í framhaldinu var endurnýjað samkomulag um Íþróttakademíu í körfubolta. Vonast er til að þessi ákvörðun verði til að styrkja bæði skóla- og íþróttastarf á svæðinu. Góðir möguleikar eru á að boðið verði upp á samskonar eða svipaða útfærslu í fleiri greinum í framtíðinni. Það sem felst í þessu samstarfi er fyrst og fremst það að nú geta nemendur FNV unnið sér inn námseiningar með markvissri ástundun og þjálfun í sinni íþróttagrein, en jafnframt er gerð krafa af skólans hálfu um að þessir nemendur taki fræðilega áfanga sem styðja þá og styrkja enn frekar í þeirri viðleitni að taka framförum – nálgast markmið sín og ástunda heilbrigðan lífsstíl. Líklegt er að íþróttabraut skólans og íþróttakademían renni saman í eitt í framtíðinni og er unnið að útfærslu á hvernig það verður best gert.

Matsþættir í FNV

Val á matsþáttum ræðst af eðli starfsins. Til hliðsjónar voru höfð m.a. lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og skólasamningur FNV við ráðuneyti mennta- og menningarmála. Matsþættir í innra mati FNV eru **A)** kennsla og önnur störf kennara, **B)** stjórnun **C)** stoðþjónusta önnur þjónusta, **D)** nemendur og nám og **E)** starfsfólk og starfsumhverfi. Tilviljun ræður röð á matsþáttum.



Matsáætlun 2014-2019

Haut 2014	Vor 2015	Haut 2015	Vor 2016
Áfangakönnun: Félagsvísindi <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Raungreinar <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Tungumál <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Verknám <ul style="list-style-type: none"> nemendur
Stjórnun <ul style="list-style-type: none"> starfsfólk kennarar 	Stoðþjónusta og önnur þjónusta <ul style="list-style-type: none"> nemendur foreldrar 	Starfsfólk og starfsumhverfi <ul style="list-style-type: none"> starfsfólk kennarar Kennsla og önnur störf kennara <ul style="list-style-type: none"> kennarar 	Nemendur og nám <ul style="list-style-type: none"> nemendur foreldrar
Haut 2016	Vor 2017	Haut 2018	Vor 2019
Áfangakönnun: Félagsvísindi <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Raungreinar <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Tungumál <ul style="list-style-type: none"> nemendur 	Áfangakönnun: Verknám <ul style="list-style-type: none"> nemendur
Stjórnun <ul style="list-style-type: none"> starfsfólk kennarar 	Stoðþjónusta og önnur þjónusta <ul style="list-style-type: none"> nemendur foreldrar 	Starfsfólk og starfsumhverfi <ul style="list-style-type: none"> starfsfólk kennarar Kennsla og önnur störf kennara <ul style="list-style-type: none"> kennarar 	Nemendur og nám <ul style="list-style-type: none"> nemendur foreldrar

Framkvæmd

Innra mat við FNV er að mestu unnið af teymi um innra mat. Lagðar eru fyrir kannanir samkvæmt matsáætlun og skoðuð fyrirbyggjandi gögn ef við á s.s. niðurstöður *Ungt fólk og framhaldsskólinn*, tölur frá Hagstofu Íslands og tölur úr upplýsingakerfi Innu. Á skólaárinu 2016-2017 voru lagar fyrir eftirfarandi kannanir:

Áfangakönnun á haustönn 2016. Könnunin var lögð fyrir vikuna eftir miðannarmat. Þátttakendur í áfangakönnun voru 144 og var könnunin lögð fyrir í kennslustundum þar sem fulltrúar sjálfsmatsteymis sáu um framkvæmdina. Niðurstöður áfangakönnunar eru kyngreindar en þátttakendur voru 38% karlar og 62% konur. Flestir búa í foreldrahúsum (80%), tíund nemenda býr í eigin húsnæði og á heimavist. Meirihluti nemenda er í dagskóla eða 66% og 34% í dreifnámi. 57% aðspurðra eru nýnemar. Samkvæmt matsáætlun voru félagsvísindagreinar skoðaðar sérstaklega að þessu sinni ásamt tungumálagreinum. Þeir áfangar sem voru til skoðunar eru: ÍSL403, MARK2IM05, UPPT1UT05, SAGA1OI05, SÁLF3AB05, SAGA2II05, ENSK2TM05, STÆR2CC05, STÆR2TÖ05, ÖRF1012, SPÆ303.

Áfangakönnun vorönn 2017. Könnunin var lögð fyrir vikuna eftir miðannarmat. Þátttakendur í áfangakönnun voru 138 og var könnunin lögð fyrir með nýju verklagi í Innu. Áfangakönnun var tengd áföngum. Fulltrúar sjálfsmatsteymis fóru í kennslustundir og óskuðu eftir þátttöku nemenda. Niðurstöður áfangakönnunar eru kyngreindar en þátttakendur voru 66% karlar og 34% konur. Flestir búa í foreldrahúsum (67%), 19% á heimavist og 14% í eigin húsnæði. Mikill meirihluti nemenda er í dagskóla eða 92% og 7% í dreifnámi, 1% nemenda var í fjarnámi. 57% aðspurðra voru nýnemar (höfu nám á vorönn). Samkvæmt matsáætlun voru raungreinaáfangar verknámsáfangar skoðaðir sérstaklega sem og áfangar nýrra kennara. Þeir áfangar sem voru til skoðunar eru: EFNA2OL05, EFNA3OL05, JARÐ2ES05, LÍFF2AL05, STÆR1IB05, STÆR2AF05, STÆR2TÖ05, STÆR3DB05.

Stoðþjónusta og önnur þjónusta: Nemendakönnun vorönn 2017. Tengill var sendur til nemenda í tölvupósti í maí og þátttaka ítrekuð tvisvar. Alls tóku 50 nemendur þátt í könnunni, 40% karlar og 60% konur. Langflestir búa í heimahúsum eða 68%, 4% á heimavist en rúmur fjórðungur á eigin vegum. Stærstur hluti nemenda er í dagskóla (60%), því næst blöndu af dagskóla og fjarnámi (16%), 12% nemenda eru í dreifnámi og 10% í blöndu af dreifnámi og fjarnámi. 2% nemenda eru eingöngu í fjarnámi við skólann. Meirihluti nemenda er á bóknámsbraut eða 54%, 8% á almennri braut, 20% á iðn- eða starfsnámsbraut. 16% nemenda eru á annarri braut og 2% vita ekki á hvaða braut þeir eru skráðir.

Stoðþjónusta og önnur þjónusta: Foreldrakönnun vorönn 2017 var lögð fyrir í maí 2017. Tengill á könnun var sendur til foreldra allra nemenda yngri en 18 ára með tölvupósti. Send var ítrekun tvisvar til foreldra. Þátttakendur voru 253 (14% svarhlutfall). Konur eru í miklum meirihluta svarenda, eða 81% á móti 19% karla. Flestir foreldrar búa í Skagafirði eða 62%, um 24% í A- Húnavatnssýslu, 8% í Húnaþingi vestra, 3% í Strandasýslu og 3% annars staðar. Meirihluti nemenda er í dagskóla (68%), nemendur í dreifnámi eru 22% og um 7% ýmist í fjarnámi eða blöndu af fjar- og dreifnámi eða fjarnámi og dagskóla. Meginþorri barna svarenda er fæddur á árunum 1999 (43%) og 2000 (51%) og rétt rúmlega 5% árið 2001. Um 70% nemenda er á bóknámsbraut til stúdentsprófs, 19% á almennri braut, 5% á iðn- eða starfsnámsbraut og 5% á annarri braut.

Stjórnun: Haust 2016. Þátttakendur í starfsmannakönnun voru 71 og er svarhlutfall 54%. Tengill á könnun sendur til starfsmanna skóla með tölvupósti. Niðurstöður starfsmannakönnunar eru kyngreindar en þátttakendur voru 41% karlar og 59% konur. Flestir starfa við kennslu, 71% á mótí 29% við önnur störf. Til að tryggja persónuvernd eru niðurstöður ekki flokkaðar frekar eftir starfi og kyni við skólann samtímis.

Niðurstöður matsþátta

Hér á eftir er greint frá niðurstöðum matsþátta fyrir viðkomandi skólaár.

Áfangakönnun

Niðurstöður haustönn 2016

Niðurstöður eru flokkaðar eftir þáttunum Ytra skipulag áfanga, Kennslustofan og Námsefni

Ytra skipulag áfanga	Já		Nei		Veit ekki	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Áfanginn virðist vera vel skipulagður	82%	71%	5%	17%	13%	12%
Kennslustundin er ávallt vel undirbúin	85%	72%	2%	15%	13%	13%
Yfirferð kennarans er hæfileg og jöfn	75%	43%	11%	34%	13%	23%
Kennsla er í samræmi við kennsluáætlun	80%	66%	5%	15%	15%	19%
Kennarinn er stundvís	84%	86%	11%	9%	5%	5%
Moodle síða áfangans er gagnleg	73%	71%	20%	18%	11%	11%
Fyrirmæli kennara eru ávallt skýr og áheyrileg	80%	50%	15%	38%	17%	12%
Kennarinn setur nemendum fyrir heimavinnu	68%	64%	23%	33%	2%	3%
Kennarinn bauð upp á viðtal eftir miðannarmat	21%	20%	36%	45%	43%	36%
Kennslustofan	Já		Nei		Veit ekki	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluáferðir	51%	30%	49%	70%		
Kennarinn virkjar nemendur til starfa í kennslustundum	80%	53%	20%	47%		
Kennarinn kemur námsefninu vel til skila	85%	61%	28%	39%		
Kennarinn bregst vel við spurningum/athugasemdum nemenda	93%	77%	7%	23%		
Samskipti kennara og nemenda eru almennt góð	90%	67%	10%	33%		
Kennarinn virðist kunna sitt fag	92%	66%	6%	16%	13%	17%
Námsefni	Já		Nei		Veit ekki	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Verkefni áfangans eru lærdómsrík	90%	71%	10%	29%		
Verkefni áfangans eru áhugaverð	69%	52%	31%	48%		
Verkefni áfangans eru einföld	57%	35%	43%	65%		
Námsefni áfangans er einfalt og auðskilið	57%	26%	25%	54%	11%	20%
Ég mun líklegast fá hærri einkunn en 7 í þessum áfanga	69%	48%	31%	52%		

Niðurstöður vorönn 2017

Verklagi við áfangakönnun var breytt á vorönn og því ekki unnt að bera saman annir líkt og verið hefur. Nemendur svöruðu á 5 punkta kvarða þar sem 1 stendur fyrir lægsta gildið en 5 hæsta. Í flestum tilfellum má telja að einkunn 2,5 og undir gefi tilefni til athugunar

Áfanginn er vel skipulagður (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,97
Ég er ánægð/ur með aðferð við námsmat (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst)	3,59
Ég hef lagt mig fram í þessum áfanga (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,71
Ég hef metnað fyrir því að standa mig vel í áfanganum (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er hæst og 5 er lægst).	3,88
Ég læri heima ef ég næ ekki að klára verkefni í kennslustund (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,98
Ég missi einbeitingu í kennslustund og fer að gera eitthvað annað en ég á að vera að gera (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,03
Ég undirbý mig fyrir kennslustundir (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,38
Kennsluaðferðir kennarans höfða til mín (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,21
Kennslugögn (bækur, rafbækur ofl) eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,64
Moodle síða áfangans er gagnleg (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,84
Námsefnið hefur aukið áhuga minn á efninu (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	2,73
Samskipti mín við aðra nemendur eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,79
Samskipti mín við kennarann eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	4,05
Skilningur minn á efni áfangans hefur aukist (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,29

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Sökum þess að verklagi var breytt við framkvæmd áfangakönnunar á miðju skólaári er ekki unnt að bera saman annir líkt og áður hefur verið. Slíkt stendur til bóta á komandi skólaári. Inna gefur auk þess ekki tækifæri til kyngreindra niðurstaðna og því eru niðurstöður settar fram sem einn hópur.

Víða er að finna styrkleika í ytra skipulagi áfanga, nemendur eru ánægðir með skipulag áfanga og kennslustunda sem og stundvísi kennara. Innan kennslustofunnar eru nemendur ánægðir með aðferðir við kennslu, þrátt fyrir að kennarar virðist ekki nota fjölbreyttar kennsluaðferðir. Auk þess eru samskipti kennara og nemenda góð. Skilningur nemenda eykst á efni áfangans þrátt fyrir að veikleika megi finna í að efla áhugahvöt nemenda og nemendur undirbúa sig almennt ekki fyrir kennslustundir.

Nemendur og nám: Nemendakönnun (ekki til skoðunar 2016-2017)

Matsspurning	Viðmið
Hvernig líður nemendum í skólanum?	A.m.k. 90% líði vel eða mjög vel.
Hvernig er námsárangur nemenda?	Að samræmi sé milli ástundunar og námsárangurs.
Hversu vel sinna nemendur heimavinnu?	Meðalheimavinna í 3 eininga bóknámsáfangna sé meiri en 2 klst.
Hversu vel standa nemendur sig í kennslustundum?	A.m.k. 75% nemenda og 75% kennara telji að nemendur standi sig vel.
Hversu góð er skólasókn?	Að 95% nemenda standist kröfur skólans um skólasókn
Hversu góð þátttaka er í félagslífi í skólanum?	Að 75% nemenda taki virkan þátt
Hversu öryggir eru nemendur í skólanum?	A.m.k. 95% telji að öryggi sitt sé tryggt.

Stoðþjónusta- og önnur þjónusta

Matsspurning	Viðmið
Hversu góð er stoðþjónusta skólans? (Námsráðgjöf, umsjón, bókasafn, skrifstofa, heimasíða)	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel er staðið að þjónustu við fjarnemendur?	A.m.k. 75% fjarnemenda ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu góð er umgengni, hirsla og ræting skólans?	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir. Húsvörður
Hversu ánægðir eru vistarbúar með heimavist og mötuneyti?	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir.

Niðurstöður: Nemendur

Viðhorf til skólans	Já		Nei		Samtala		Já	Nei
	KK	KVK	KK	KVK				
Ég er stolt/ur af því að vera nemandi í þessum skóla	85%	77%	15%	23%			80%	20%
Gæði stoðþjónustu við skóla	Já		Nei		Hef ekki nýtt mér þjónustuna		Já	Nei
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK		
Þjónusta námsráðgjafar er góð	100%	100%	0%	0%	45%	10%	100%	%
Þjónusta skrifstofu er góð	93%	96%	7%	4%	35%	17%	95%	5%
Þjónusta og aðstaða bókasafns er góð	100%	91%	0%	9%	65%	27%	93%	7%
Þjónusta og aðstaða í íþróttahúsi er góð	93%	94%	7%	6%	65%	40%	88%	12%
Mötuneyti skólans er gott	54%	45%	46%	55%	45%	62%	50%	50%
Heimasíða skólans er góð	83%	96%	17%	4%	45%	7%	92%	8%
Facebook síða skólans er góð	100%	100%	%	%	45%	57%	100%	0%
Ég er ánægð/ur með stundatöfluna mína á þessari önn	85%	89%	15%	11%			87%	13%
Nettenging í skólahúsnæði FNV er góð	45%	37%	55%	63%			40%	60%
Í skólanum get ég fengið aðstoð/ráðgjöf þegar ég þarf á að halda	92%	87%	8%	13%	40%	21%	89%	11%
Umgengni, hirsla og ræting skóla	Já		Nei				Já	Nei
	KK	KVK	KK	KVK				
Skólahúsnæði er almennt snyrtilegt	95%	100%	5%	0%			98%	2%
Nemendur og starfsfólk ganga vel um skólahúsnæði	84%	96%	16%	4%			91%	9%
Heimavist	Já		Nei				Já	Nei
	KK	KVK	KK	KVK				
Heimavist er snyrtileg	70%	86%	30%	14%			79%	21%
Nettenging á heimavist er góð	40%	50%	60%	50%			44%	56%

Ég þekki reglur heimavistar, m.a. um hreinlæti og útvistartíma	60%	71%	40%	29%		65%	35%
Mötuneyti á heimavist er gott	40%	38%	60%	67%		38%	63%
Mér líður vel á heimavist FNV	44%	80%	54%	20%		57%	43%
Heimavist FNV er heimilisleg og andrúmsloft notaleg	33%	75%	67%	15%		46%	57%

Niðurstöður: Foreldrar

Skólinn	Já		Nei		Já	Nei
	KK	KVK	KK	KVK		
Ég er ánægð/ur með þá kynningu sem ég fékk á skólanum áður en barnið mitt kom í skólann *	71%	87%	0%	0%	84%	0%
Ég er ánægður/ur með þær móttökur sem mitt barn fékk í upphafi skólagöngunnar	100%	90%	0%	10%	92%	8%
Kynni mín af starfsfólki og kennurum skólans eru góð	57%	90%	43%	10%	84%	16%
Ég er ánægð/ur með námsframboð við FNV	71%	73%	29%	27%	73%	27%
Þjónusta skrifstofu er góð	100%	100%	0%	0%	100%	0%
Námsaðstaða í skólanum er góð	94%	98%	6%	2%	98%	2%
Getur þú mælt með FNV við aðra foreldra	83%	86%	6%	4%	86%	14%
Upplýsingagjöf	Já		Nei		Já	Nei
	KK	KVK	KK	KVK		
Upplýsingafræði til foreldra frá skóla er fullnægjandi	86%	87%	14%	13%	86%	14%
Upplýsingaflæði til foreldra frá foreldrafélagi er fullnægjandi	71%	75%	29%	25%	74%	24%
Heimasíða skólans er góð**	43%	83%	0%	0%	75%	0%
Facebook síða skólans er góð***	14%	41%	3%	0%	33%	3%
Vefsvæði foreldris á Innu er upplýsandi***	57%	73%	0%	7%	70%	5%
Heimavist	Já		Nei		Já	Nei
	KK	KVK	KK	KVK		
Á heimavist FNV er gott aðhald með íbúum	100%	91%	0%	9%	92%	8%
Gæsla á heimavist skólans er góð	100%	91%	0%	9%	92%	8%
Heimavist FNV er heimilisleg og andrúmsloft notalegt	100%	91%	0%	9%	92%	8%
Getur þú mælt með heimavist FNV við aðra foreldra	100%	82%	0%	18%	85%	15%

*16% Foreldra segist ekki hafa fengið kynningu á skólanum

**14% Foreldra vita ekki hvort heimasíða skólans sé góð

***64% Foreldra veit ekki hvor Facebook síða skólans sé góð

****24% Foreldra veit ekki hvort vefsvæði foreldris á Innu sé upplýsandi

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Heilt yfir er almenn ánægja meðal nemenda og foreldra með þann stuðning og þá stoðþjónustu sem skólinn býður upp á. Langflestir nemendur eru stoltir af því að tilheyra skólasamfélagi FNV og öll stoðþjónusta að undanskildu mötuneyti og netttengingu fær góða einkunn hjá nemendum. Auk þess telja flestir nemendur að þeir fái þá þjónustu sem þeir þurfa.

Svör foreldra eru kyngreind en vegna þess hve fáir karlmenn svara er ekki hægt að álykta um réttmæti kynjaðra svara, betra er að líta á heildarsvörun foreldra. Styrkleikar liggja einna helst í almenntri ánægju foreldra með skólasamfélagið og heimavist FNV. Athygli vekur þó að foreldrar virðast almennt ekki skoða vefrænar upplýsingar á Facebook, heimasíðu skólans eða Innu. Þeir sem þó þekkja til eru ánægðir með það upplýsingaflæði sem þar er.

Samkvæmt sjónarmiðum nemenda liggja veikleikar einna helst í slakri nettengingu bæði í skólahúsnæði og á heimavist FNV. Tiltölulega fáir nemendur svöruðu spurningum er varða heimavist svo erfitt er að alhæfa um niðurstöðurnar þó þær gefi ákveðnar vísendingar um að nemendur líti ekki á heimavist FNV sem heimili og of mörgum líður ekki vel.

Stjórnun

Matsspurning	Viðmið
Hversu góð eru samskipti stjórnenda við annað starfsfólk?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel sinna stjórnendur yfirstjórn kennslu?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu gott er skipulag skólans?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel sinna stjórnendur vexti og þróun skólans?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel tekst að fá nemendur til skólans og halda í þá?	

Niðurstöður

Niðurstöður eru flokkaðar eftir þáttunum Vinnuaðstæður, Starfsandi, Framtíðarsýn og Samstarf innan skólans.

Vinnuaðstæður	Já		Nei		Já		Nei	
	KK	KVK	KK	KVK	Kennsla	Önnur	Kennsla	Önnur
Stjórnendur leggja metnað sinn í að skapa góðar vinnuaðstæður fyrir starfsfólk	88%	87%	13%	13%	85%	91%	15%	9%
Stjórnendur leggja metnað sinn í að bjóða upp á öruggt vinnuumhverfi	88%	86%	13%	14%	81%	100%	19%	
Ég fæ hvatningu og stuðning til að sækja mér aukna þekkingu	56%	83%	44%	17%	74%	64%	26%	36%
Starfsandi	Já		Nei		Já		Nei	
	KK	KVK	KK	KVK	Kennsla	Önnur	Kennsla	Önnur
Stjórnendur leysa úr vandamálum sem upp koma	88%	86%	13%	14%	85%	91%	15%	9%
Stjórnendur gera starfsmönnum ljóst hvert mikilvægi þeirra er í skólasamfélaginu	67%	70%	33%	30%	62%	82%	38%	19%
Framtíðarsýn	Já		Nei		Já		Nei	
	KK	KVK	KK	KVK	Kennsla	Önnur	Kennsla	Önnur
Framtíðarsýn skólans er skýr	50%	59%	50%	41%	48%	73%	52%	27%
Hlutverk starfsmanna í stefnu skólans eru skýr	58%	64%	42%	36%	45%	91%	55%	9%
Samstarf innan skólans	Já		Nei		Já		Nei	
	KK	KVK	KK	KVK	Kennsla	Önnur	Kennsla	Önnur
Skipulag á samstarfi starfsmanna er gott	64%	82%	36%	18%	64%	100%	36%	
Áætlanir eru unnar í samráði við starfsmenn	53%	68%	47%	32%	52%	82%	48%	18%
Starfsmannaviðtöl eru gagnleg*	31%	30%	31%	9%	15%	64%	26%	
Stjórnun skólans er góð	88%	86%	13%	14%	86%	91%	14%	9%

* Stór hluti starfsmanna hefur ekki farið í starfsmannaviðtal

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar stjórnunar liggja fyrst og fremst í því að stjórnendur leggja metnað sinn í að búa til góðar vinnuaðstæður og öruggt vinnuhverfi ásamt því að góður meirihluti starfsfólk telur stjórnun skólans góða. Veikleikar stjórnunar liggja fyrst og fremst í því að starfsfólk virðist ekki þekkja hlutverk sitt í stefnu skólans og upplifa ekki að það hafi áhrif á áætlanir sem varða störf þeirra. Hluti starfsfólks þekkir ekki framtíðarsýn skólans. Of stór hluti starfsfólks hefur ekki farið í starfsmannasamtal.

Starfsfólk og starfsumhverfi (ekki til skoðunar 2016-2017)

Matsspurning	Viðmið
Hvernig er líðan starfsfólks?	A.m.k. 90% líði vel eða mjög vel.
Hversu góður er aðbúnaður starfsfólks?	A.m.k. 75% telji aðbúnað góðan eða mjög góðan.
Hversu öruggt er starfsfólk á vinnustað?	A.m.k. 95% telji að öryggi sitt sé tryggt í starfi.

Kennsla og önnur störf kennara (ekki til skoðunar 2015-2016)

Matsspurning	Viðmið
Hvernig er skipulag og undirbúningur áfanga?	Að frágangur kennsluáætlana, verkefna, prófa og niðurstaðna prófa sé í samræmi við verklagsreglur skólans.
Hversu vel tekst kennara að skapa umhverfi lærdóms og virðingar?	A.m.k. 75% nemenda séu sammála eða mjög sammála að kennara takist það. Að niðurstaða sjálfsmats sé að það takist.
Hver eru viðhorf nemenda til kennarans og kennslu hans?	A.m.k. 75% nemenda séu ánægð með störf kennara
Hversu vel sinnir kennari starfsþróun eða þróun skóla?	Allir kennarar sinni starfsþróun og a.m.k. 75% taki virkan þátt í vinnu að þróun skólans.

Umbótaáætlun

Niðurstöður sem þarf að bregðast við	Hvernig	Hvenær	Ábyrgð framkvæmdar
Efla áhugahvöt nemenda	Samræða á deildarfundum	Skólaárið	Deildarstjóri í samráði við kennara
Bæta mötuneyti	Samstarf við heimavistarráð	Haust 2017	Stjórnendur Heimavistarstjóri Yfirmaður eldhúss
Bæta nettengingu á heimavist og í skólahúsnæði FNV	Kanna möguleika á öflugri nettengingu. Kanna stöðu nettengingar á heimavist.	Haust 2017	Yfirmaður tölvumála Stjórnendur
Bæta líðan og upplifun nemenda af heimavist	Aukin samvinna við heimavistarráð	Skólaárið 2017-2018	Heimavistarstjóri Heimavistarráð
Hvetja foreldra til þess að kynna sér Innu, heimasíðu skólans og Facebook	Með ábendingum á fundum og í tölvupóstum	Skólaárið 2017-2018	Allir starfsmenn skóla
Bæta upplýsingaflæði	Vekja athygli starfsfólks á heimsíðu skólans, fésbókarsíðu og fundargerðum á Sarpinum.	Haustönn 2017	Stjórnendur

Lokaorð

Innra mati fyrir skólaárið 2016-2017 er lokið. Samfara innra mati var einnig framkvæmt ytra mat í tengslum við könnunina Stofnun ársins, sú vinna stendur enn yfir. Vinna þarf sérstaklega með áhugahvöt nemenda og bæta upplýsingaflæði meðal starfsfólks skólans. Ónægja er með mötuneyti annars vegar og nettengingu hins vegar sem þarf að laga auk þess sem vinna þarf með líðan nemenda á heimavist. Efla þarf upplýsingaleit foreldra og virkja þá í upplýsingaöflun á Innu og Facebook síðu skólans.